

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,320% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

2. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum. Gjalddagar þessara gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 15. gr. laga nr. 9/2009. Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 20. nóvember 2013.

Seyðisfirði, 5. febrúar 2014.

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri.